

**Athugasemdir Hólamannafélagsins til Landbúnaðarnefndar Alþingis vegna frumvarpa um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 með síðari breytingum og breytingar á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.**

Hólamannafélagið, sem er félag hollvina Hólaskóla, vill koma á framfæri við háttvirta landbúnaðarnefnd áhyggjum sínum vegna ofangreindra þingskjala, sem nefndin hefur nú til meðferðar. Tílefni þessara frumvarpa er að sameina Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Virðist sem höfundum frumvarpsins hafi dottið í hug að breyta ákvæðum sem varða stöðu Hólaskóla “í leiðinni”, rétt eins og lítillar umræðu sé þörf um þau mál. Þær athugasemdir sem Hólamannafélagið vill koma á framfæri eru í aðalatriðum af tvennum toga. Annars vegar vill félagið mótmæla því að heimilisfesti Hólaskóla sé fellt úr lögum – og þar með eftirlátið ráðherra hvers tíma að ákveða hugsanlegar breytingar á því umræðulaust – og hins vegar vill félagið mótmæla því að sérsvið skólans hvað rannsóknir varðar séu sett í óvissu.

Hólamannafélagið lýsir sig í öllum aðalatriðum samþykkt ábendingum Skúla Skúlasonar rektors Hólaskóla, sem hafa borist nefndinni, en vill til viðbótar taka fram eftirfarandi:

- Hólaskóli er að grunni til afar gömul stofnun og hefur í huga fjölda fólks mikla skírskotun sem allar tengjast Hólastað.
- Fjöldi fólks hefur numið við skólann, starfað við hann eða á nána ættingja og vini sem tengjast skólanum á einn eða annan hátt.
- Þetta fólk ber í flestum tilfellum mikinn hlýhug til skólans og ber hag hans mjög fyrir brjóstri. Sá stuðningur, sem í þessu fellst og það starfsumhverfi sem þetta skapar, er dýrmæt eign skólans, sem ekki má raska í neinu efni.
- Það hefur verið afar ánægjulegt að fylgjast með hvað Hólaskóla hefur tekist vel á síðustu árum að vinna að rannsóknum í góðum takti við uppbyggingu nýrra atvinnugreina, þar sem rannsóknir skólans og þróun greinanna hafa fylgst að. Í þessu sambandi má nefna bleikjurannsóknir skólans, sem hafa - ásamt atorku duglegra einstaklinga - fært Íslendinga í fremstu röð bleikjuframleiðenda í heiminum. Þetta starf hefur vakið rækilega athygli, en virðist sett í óþarfa óvissu í nokkrum atriðum frumvarpanna, sem eru til umræðu.
- Það starf, sem unnið er á Hólum og sá hlýhugur, sem er að finna í garð Hóla meðal “Hólafólks” víða um landið er að tílefni lausu sett í óþarfa áhættu með því að kippa burtu heimilisfestu skólans úr lögum. Þau rök sem færð eru fyrir því í greinargerð með frumvarpinu um að Hólaskóli starfi víðar en á einum stað og stundi fjarkennslu eru algerlega óskiljanleg og marklaus og í raun hláleg. Dettur einhverjum í hug að fyrirtæki eigi ekki að eiga sér fastan samastað þótt það reki útibú og viðskiptavinir þess séu dreifðir um landið.

Hólamannafélagið hefur ekkert við það að athuga að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði sameinaðar. Félagið hafnar því hins vegar alfarið að við þá aðgerð verði heimilisfesti Hólaskóla fellt úr lögum og að sneitt sé að sérsviðum skólans, sem hann hefur sannanlega unnið afar vel að. Hólamannafélagið skorar því á háttvirta Landbúnaðarnefnd Alþingis að sníða þá vankanta af frumvarpinu sem að þessu lúta.

Reykjavík, 29. apríl, 2004

f.h. Hólamannafélagsins

  
Pétur Bjarnason

formaður